Árskýrsla 2010

Heimasíða www.heilbrigdiseftirlitid.is
Austurvegi 56 – 800 Selfoss
sími 480-8220 myndsendir 4808201
netfang hs@sudurland.is

s.

Efnisyfirlit

1 Inngangur 2
2 Hlutverk og uppbygging 3
3 Starfsemi 7
3.1 Innri starfsemi 7
3.2 Samstarf 9
4 Sýnataka og niðurstöður 12
5 Eldgosið í Eyjafjallajökli 14
6 Hollustuhættir 18
7 Matvæli 21
8 Umhverfis- og mengunarvarnir 25
9 Fjármál og rekstur 28
10 Lokaorð 30

Myndir

Mynd 1 - Tengsl HES 4
Mynd 2 - Framtíðarsýn 5
Mynd 3 - Hlutverk 5
Mynd 4 - Loftgæðamælitæki 14
Mynd 5 - Sandkassi 18
Mynd 6 - Dæmi um rakaskemmdir í vegg 18
Mynd 7 - Skipaskoðun 19
Mynd 8 - Innra eftirlit 21
Mynd 9 - Landnámshænur 22
Mynd 10 - Dæmi um ómerkt matvæli 22
Mynd 15 - Neysluvatnsbrunnur 25

Töflur

Tafla 1 – Fjöldi eftirlitsskyldra aðila 7
Tafla 2 – Skipting helstu málaflokka 8
Tafla 3 - Lokin og ný mál 8
Tafla 4 - Samanburður niðurstaðna milli ára 12
Tafla 5 - Niðurstöður sýna eftir flokkun 12
Tafla 6 - Heildarniðurstöður Tafla 7 - neysluvatn 13
Tafla 8 - Baðvatn Tafla 9 – Ís úr vél 13
Tafla 10 - Flúor í neysluvatni 16
Tafla 11 - Leiðni í neysluvatni 17
Tafla 12 – Niðurstöður baðvatnssýna undanfarinna ára í prósentum (%) 20
Tafla 13 – Niðurstöður baðvatnssýna í rauntölu undanfarin ár 20
Tafla 14 - Fjöldi vatnsveitna 23
Tafla 15 – Kökurit með tekjuliðum 28
Tafla 16 - Velta milli ára 28
Tafla 17 – Þróun á tímagjöldum og sýnatökukostnaði 29
Tafla 18 – Kökurit með kostnaðarliðum. 29

1 Inngangur

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu verkefnum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands á árinu 2010. Spannar hún tímabilið frá 1. janúar 2010 til áramóta. Efni ársskýrslunnar er lagt fram á fyrsta fundi nefndarinnar ár hvert og síðan lögð fram á aðalfundi að hausti sama ár.

Í einstaka köflum skýrslunnar verður farið nánar í verkefnin, sýnatökum gerð skil og tölfræðilegar upplýsingar settar fram.

Uppbygging

Í 2. kafla er uppbyggingu heilbrigðiseftirlits á Íslandi lýst auk upplýsinga um Heilbrigðisnefnd og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

3. kafli skiptist í kafla um innri starfsemi og svo kafla þar sem farið er yfir samstarf út á við.

Í 4. kaflanum er að finna tölfræðilegar upplýsingar um niðurstöður mælinga og sýnatökur.

Ástæða þótti til að taka eldgosið og áhrif þess sérstaklega fyrir og er sú umfjöllun í 5. kafla.

Í 6., 7. og 8. kafla er svo farið sérstaklega yfir helstu málaflokka HES, þ.e. hollustuhátta-, matvæla- og umhverfis og mengunarvarnamálefni.

Í 9. kafla er stuttlega farið yfir fjármál og rekstur en ársreikningar og fjárhagsáætlanir fylgja alltaf með í aðalfundargögnum.

Markmið skýrslunnar er að gera öllum, sem vilja átta sig á uppbyggingu, umfangi og starfsemi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, kleift að nálgast helstu upplýsingarnar á einum stað, þ.e. í árskýrslunni.

Eftirfarandi skammstafanir koma fram í skýrslunni:

HES .....Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga
MAST.....Matvælastofnun
SHÍ.....Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi
UST.....Umhverfisstofnun

2 Hlutverk og uppbygging

Eitt af lögbundnu verkefnum sveitarfélaga er að starfrækja heilbrigðiseftirlit og bera ábyrgð á rekstri þess. Heilbrigðiseftirlit er rekið af sveitarfélögum skv. lögum nr. 7/1998 m.s.br. um hollustuhætti og mengunarvarnir og skiptist landið í 10 heilbrigðiseftirlitssvæði.

Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi voru stofnuð árið 2000 og er megintilgangur þeirra að vera málsvari, samráðs- og samstarfsvettvangur þeirra 10 heilbrigðiseftirlitssvæða sem starfa á vegum sveitarfélaga á Íslandi. Samtökin eru skipuð framkvæmdastjórum heilbrigðiseftirlitssvæðanna og formönnum heilbrigðisnefnda á landinu öllu. Frá því í október 2008 hafa formaður og síðar framkvæmdastjóri Heilbrigðisnefndar Suðurlands setið í stjórn samtakana.

Uppbygging heilbrigðisnefnda er bundin í ofangreind lög og skal skipað í hana eftir sveitarstjórnarkosningar hverju sinni og skal hún starfa út kjörtímabilið. Í hverri nefnd eiga sæti 5 fulltrúar auk fulltrúa atvinnurekenda. Yfirlæknir heilsugæslu, skipaður af Landlækni, viðkomandi svæðis starfar einnig með nefndinni. Yfirstjórn eftirlitsins er í höndum heilbrigðisnefndar en heilbrigðiseftirlit og heilbrigðisfulltrúar starfa í umboði nefndarinnar.

Á aðalfundi Heilbrigðiseftirlit Suðurlands 2010 var kosið í nýja heilbrigðisnefnd fyrir kjörtímabilið 2010-2014 og er hún skipuð eftirfarandi aðilum:

Gunnar Þorkelsson	**880 Kirkjubæjarklaustur**
varam. Eydís Indriðadóttir	851 Hella
Svanborg Egilsdóttir	**800 Selfoss**
varam. Ólafur Hafsteinn Jónsson	800 Selfoss
Páll Stefánsson	**801 Selfoss**
varam. Elínborg Ólafsdóttir	810 Hveragerði
Unnsteinn Eggertsson	**845 Flúðir**
varam. Jóhannes Sveinbjörnsson	801 Selfoss
Valur Bogason	**900 Vestmannaeyjar**
varam. Sigurhanna Friðþórsdóttir	900 Vestmanneyjum
Fulltrúi atvinnulífsins:	
Guðmundur Geir Gunnarsson	**800 Selfoss**
varam. Oddur Árnason	861 Hvolsvöllur
Fulltrúi Landlæknis:	
Pétur Skarphéðinsson	**Laugarási, 801 Selfoss**

Heilbrigðisnefnd Suðurlands fundar á 4-8 vikna fresti, eftir þörf og fyrirliggjandi málum hverju sinni. Heilbrigðisnefnd Suðurlands hélt á árinu 2010 eftirtalda fundi:

Fundur nr.	**dags.**
124	4. febrúar 2010
125	8. apríl 2010
126	12. maí 2010
127	2. júní 2010
128	19. ágúst 2010
129	1. október 2010
130	19. nóvember 2010

Ekki hafa verið breytingar á starfsmannahaldi hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands frá árinu 2005 og er meðalstarfsaldur starfsmanna rúmlega 11 ár. Með slíkri starfsreynslu er óhætt að fullyrða að mannauður HES skili eftirlitinu miklu í reynslu og þekkingu. Fimm stöðugildi hafa verið hjá HES sl. 5 ár og eru starfsmenn eftirfarandi:

Elsa Ingjaldsdóttir, framkvæmdastjóri,
Birgir Þórðarson, heilbrigðisfulltrúi, umhverfis- og mengunarvarnasvið,
Sigrún Guðmundsdóttir, heilbrigðisfulltrúi, matvælasvið,
Áslaug Rut Áslaugsdóttir, heilbrigðisfulltrúi Vm.,
María Berg Guðnadóttir, heilbrigðisfulltrúi, hollustuháttasvið,
Halldór Pétur Þorsteinsson, heilbrigðisfulltrúi, tímabundin afleysing vegna fæðingarorlofs.

Við eldgosið í Eyjafjallajökli varð ljóst að ekki væri hægt að anna verkefnum samhliða hinum forgangsmiklu verkefnum sem fylgdu í kjölfar þess. Því var brugðist við auknu vinnuálagi og verkefnum vegna eldgossins í Eyjafjallajökli með því að ráða jafnframt í sumarafleysingar. Nýtti Heilbrigðiseftirlitið sér átaksverkefni Vinnumálastofnunar og var Sverrir Ingjaldsson ráðinn í sumarverkefni með framlagi frá Vinnumálastofnun.

Myndin hér til hliðar sýnir tengsl ofangreindra aðila varðandi heilbrigðiseftirlit. Heilbrigðiseftirlitið er þó alfarið á ábyrgð sveitarfélaga, bæði rekstrar- og stjórnsýslulega. Aðkoma ríkisins gegnum tvö ráðuneyti og tvær ríkisstofnanir er sýnd með punktalínu þar sem ekki

Mynd 1 - Tengsl HES

er um eiginlega valdboðun heldur stjórnun í gegnum laga- og reglugerðarsetningu og samræmingarhlutverks um framkvæmd eftirlits á landsvísu.

Hlutverk og framtíðarsýn

Haustið 2000 fór Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í mikla vinnu við gæðamál og innra starf. Í þeirri vinnu var hlutverkið skilgreint, sett fram markmið og framtíðarsýn sem enn er í fullu gildi. Hlutverk og markmið hafa þó tekið breytingum í samræmi við laga- og regluumhverfi stofnunarinnar og markmiðin uppfærð.

Framtíðarsýn

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands ætlar að vera leiðandi á sviði heilbrigðiseftirlits og stuðla að bættum lífsgæðum með fræðslu og þekkingarmiðlun til Sunnlendinga og annarra sem njóta náttúru, þjónustu og afurða svæðisins.

Mynd 2 - Framtíðarsýn

Hlutverk

Að fylgja gildandi lögum um hollustuhætti, matvæli, mengunarvarnir og umhverfismál sem varða starfsemina, sem og reglugerðir settar samkvæmt þeim, samþykktum sveitarfélaga og ákvæðum í sérstökum lögum og reglum sem heilbrigðiseftirliti er eða kann að vera falið að annast framkvæmd á.

Að sjá til þess með reglubundnu eftirliti að eftirlitsskyldir aðilar uppfylli kröfur sem gerðar eru til þeirra. Einnig að hafa eftirlit með umhverfi og öðrum þeim þáttum sem ekki eru eftirlitsskyldir en falla undir lög og reglugerðir sem heilbrigðiseftirliti er ætlað að framfylgja.

Mynd 3 - Hlutverk

Verkefni

Hér á eftir má sjá samantekt yfir verkefni Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og vegur þar þyngst hið reglubundna eftirlit með starfsleyfisskyldum aðilum.

- Eftirlit og leyfisveitingar
- Umsagnir v/skipulagsmála, veitinga- og gistileyfa sýslumanna, umhverfismats ofl.
- Sýnataka og rannsóknir á neysluvatni, matvælum og umhverfi
- Vöktun loftgæða og önnur umhverfisvöktun
- Fræðsla og þjónusta til starfsleyfisskyldra aðila og almennings
- Skráning á framkvæmd eftirlits og niðurstöðum mælinga
- Þátttaka í samræmdum eftirlitsverkefnum á landsvísu

Umsagnir af ýmsu tagi er einnig drjúgur hluti daglegra starfa og getur vinna við gerð einstakra umsagna, sérstaklega er varðar umhverfismál og mat á umhverfisáhrifum framkvæmda verið mjög mikill.

Aðalmarkmið HES ár hvert er að ná að sinna því reglubundna eftirliti sem fyrir liggur á árinu.

Þegar byrjað var að vinna eftir skilgreindum markmiðum (2000) var byrjað á að leggja áherslu á að auka eftirlitsþáttinn um 15% á hverju ári og skyldi fullnaðarárangur hafa náðst árið 2004. Það tókst og fram til þessa hefur tekist að halda því að mestu þó alltaf megi gera betur. Erfiðast hefur verið að framfylgja heimsóknum vegna eftirfylgni og endurbóta. Slík eftirfylgni er þó forsenda skilvirks eftirlits og nauðsynlegt, bæði eftirliti og fyrirtækum til árangurs og framfara.

3 Starfsemi

3.1 Innri starfsemi

Fjöldi eftirlitsskyldra aðila og mála

Eins og að framan greinir er helsta verkefni heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga að sinna reglubundnu eftirliti með fyrirtækjum, stofnunum og öðrum aðilum sem eru eftirlitsskyldir. Markmiðið er að komast yfir allt það eftirlit sem sinna ber á árinu. Fjöldi slíkra heimsókna getur verið nokkuð mismunandi milli ára og ræðst það helst af ákvörðun um fjölda heimsókna sem hvert fyrirtæki á að fá. Tíðnin getur þannig verð á milli 0,25 og upp í 6, þ.e. sum fyrirtæki fá heimsókn 4 hvert ár meðan einhver þurfa 6 heimsóknir á ári.

Í eftirlitsáætlun, sem lögð er fram á fundi heilbrigðisnefndar í upphafi hvers árs, er einnig að finna fjölda heimsókna sem markmiðið er að sinna á árinu. Þannig liggur fyrir í upphafi hvers ár það skilgreinda meginmarkmið sem vinna skal út frá, auk undirmarkmiða á hvern málaflokk.

Áhersla í starfinu, eins og undanfarin ár, hefur verið að sinna reglubundnu eftirliti í fyrirtækjum sem eiga að fá slíkt. Verkefnastaðan hefur verið þung í nokkurn tíma og hafa þar náttúruhamfarir og ófyrirséð verkefni í kjölfar þeirra, haft sitt að segja.

Í lok desember 2010 voru 1191 eftirlitsskyldir aðilar með gilt starfsleyfi. Sjá má þróun yfir fjölda fyrirtækja milli ára og skiptingu milli sviða í neðangreindri töflu.

Tafla 1 – Fjöldi eftirlitsskyldra aðila

	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Hollustuháttasvið	429	428	431	449	495	524
Matvælasvið	308	323	353	366	369	389
Umhverfis- og mengunarsvið	278	280	291	305	295	278

Málafjöldi nýrra mála hjá Heilbrigðiseftirlitinu var 794 í árslok en í árslok 2009 var fjöldi nýrra mála 771.

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu mála í helstu málaflokka en stærstu málaflokkarnir eru umsagnir og umsóknir.

Tafla 2 – Skipting helstu málaflokka

	Jan	Feb	Mars	Apr	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept	Okt	Nóv	Des	Samtals:
Afgreiðslumál	2	6	6	3	5	7	3	1	2	5	8	9	**57**
Ábending	2	-	2	-	2	1	2	3	3	3	-	1	**19**
Eftirlit	3	-	5	2	7	7	3	4	3	1	7	5	**47**
Forgangsmál	1	1	-	2	-	-	1	1	-	-	1	1	**8**
Kvartanir	5	-	2	5	1	1	4	4	3	2	2	-	**29**
Ótímabundið mál	-	1	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	**1**
Ráðgjöf um faglegt starf	1	2	-	-	-	-	-	-	2	-	-	-	**5**
Stefnumörkun	2	1	1	-	1	1	1	-	-	2	-	-	**9**
Umsagnir	27	28	30	20	16	28	13	7	18	8	4	23	**222**
Umsóknir	37	27	28	16	20	56	25	21	60	18	32	56	**396**
Vegna leikskólastarfs	-	-	-	-	-	-	-	-	1	-	-	-	**1**
Samtals:	**80**	**66**	**74**	**48**	**52**	**101**	**52**	**41**	**92**	**39**	**54**	**95**	**794**

Neðangreind tafla sýnir yfirlit yfir fjölda nýrra og lokinna mála frá árinu 2005 til 2010.

Tafla 3 - Lokin og ný mál

3.2 Samstarf

Samstarf Heilbrigðiseftirlits Suðurlands við tengdar stofnanir og önnur heilbrigðiseftirlitssvæði er nokkuð, bæði beint og óbeint.

Formlegir vinnuhópar eru starfandi, annars vegar á vegum UST og HES og hins vegar á vegum MAST og HES. Vinnuhóparnir hafa það hlutverk að fjalla um afmörkum málefni er varða starfið og samræma eftirlitið. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands á fulltrúa í þremur þessara hópa, er varða matvæla- , hollustuhátta- og umhverfisgæðamálefni.

Heilbrigðiseftirlitssvæðin skiptast á að bjóða heilbrigðisfulltrúum í hollustuháttahóp tveggja daga heimsókn á haustdögum, þar sem starf vetrarins er lagt og eftirlitsverkefni næsta árs undirbúið að hluta. Einnig er farið í eftirlit í fyrirtæki á því svæði sem heimsótt er, oft eru valin fyrirtæki sem eru séreinkenni /þekkt á svæðinu t.d. hreystivellir, heilsustöðvar, sundlaugar o.þ.h. en oftar en ekki er komin sérþekking hjá viðkomandi svæði um þau málefni. Þessar heimsóknir eru mjög fróðlegar og efla samræn vinnubrögð milli eftirlitssvæða.

Jafnframt tók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands þátt í vinnuhópi sem sá um að undirbúa leiðbeiningar að innra eftirliti í matvælafyrirtækjum og undirbúningsnefnd við Norrænu matvælaráðstefnuna sem var haldin í Rvk. í lok febrúar 2010.

Mikið og gott samstarf var við Almannavarnir ríkisins á árinu og var Heilbrigðiseftirlit Suðurlands þáttakandi á íbúafundum vegna eldgossins.

Jafnframt átti fulltrúi Heilbrigðiseftirlit Suðurlands sæti í starfshópi á vegum Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis vegna eldgossins í Eyjafjallajökli.

Árlegur vorfundur HES, UST, MAST og beggja ráðuneyta, Umhverfis- og Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis var haldinn 5. og 6. maí að Hallormsstað. Á þessum fundum hafa ný lög og reglugerðir verið kynnt auk þess sem HES og UST hafa gert grein fyrir því sem er efst á baugi hjá þeim. Þessir fundir eru mjög gagnlegir til að vinna að samræmingu í eftirliti, samræma áherslur og auka þekkingu á málaflokknum.

Haustfundur var haldinn 13. og 14. október þar sem allir heilbrigðisfulltrúar koma saman, fræðast og taka þátt í vinnuhópum. Þessi fundur er í umsjón Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi, með þátttöku UST, MAST og viðkomandi ráðuneyta

Það er mat HES að sameiginlegir haustfundir allra starfsmanna séu nauðsynlegir til menntunar og samræmingar fyrri hið faglega starf.

Aðalfundur Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða (SHÍ) var haldinn 29. október í Reykjavík.

SHÍ er málsvari, samráðs- og samstarfsvettvangur þeirra 10 heilbrigðiseftirlitssvæða sem starfa á vegum sveitarfélaga á Íslandi. Samtökin voru stofnuð árið 2000, og eru skipuð framkvæmdastjórum heilbrigðiseftirlitssvæðanna og formönnum heilbrigðisnefnda á landinu öllu.

Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er í stjórn samtakana en jafnframt hefur formaður Heilbrigðisnefndar Suðurlands verið í stjórn þess.

Mánaðarlegir símafundir UST og HES eru gagnlegir og upplýsandi.
Símafundir framkvæmdastjóra svæðanna eru einnig reglulegir en þar eru rædd fagleg verkefni, miðlað þekkingu og fundnar sameiginlegar lausnir.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands er virkur aðili í hollustuháttasamstarfshóp sem að Umhverfisstofnun heldur utan um. Í hópnum eiga flest öll heilbrigðiseftirlitssvæði virkan fulltrúa sem hittist mánaðarlega á vetrartímanum. Þessir fundir styrkja samhæfingu í eftirlitum og eru góður vettvangur til að ræða sérhæfð sem almenn mál á sviði hollustuhátta. Hópurinn fékk til umsagnar nýju reglugerðina um sund- og baðstaði á árinu og hafði nokkur áhrif á endanlega útgáfu hennar, reglugerðin tók gildi 1. janúar 2011.

Heilbrigðiseftirlitssvæðin skiptast á að bjóða hópnum í tveggja daga heimsókn á haustdögum, þar sem starf vetrarins er lagt og eftirlitsverkefni næsta árs undirbúið að hluta. Einnig er farið í eftirlit í fyrirtæki á því svæði sem heimsótt er, oft eru valin fyrirtæki sem eru séreinkenni /þekkt á svæðinu t.d. hreystivellir, heilsustöðvar, sundlaugar o.þ.h. en oftar en ekki er komin sérþekking hjá viðkomandi svæði um þau málefni. Þessar heimsóknir eru mjög fróðlegar og efla samræn vinnubrögð milli eftirlitssvæða.

Eftirlitsverkefni

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur tekið þátt í eftirlitsverkefnum á vegum Matvælastofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga á árinu 2010:

- **Ís úr vél.** Tekin voru sýni af ís úr vél til að kanna gerlaástand, en þannig fæst bæði niðurstaða fyrir þrif á tækjabúnaði og ferskleika vörunnar. Þá var einnig kannað hve stór hluti þessara fyrirtækja var með athugasemdir við aðstöðu og búnað ásamt innra eftirliti.
- **Merkingar og markaðssetning fæðubótarefna.** Tilgangur verkefnisins var að kanna hvort fæðubótarefni á markaði uppfylli ákvæði reglugerðar nr. 624/2004, um fæðubótarefni, með áorðnum breytingum, reglugerð nr. 406/2010, um fullyrðingar og önnur lög og reglugerðir sem um gilda um fæðubótarefni.

Niðurstöðuskýrslur þessara eftirlitsverkefna verða birtar í heild sinni á heimasíðu Matvælastofnunar; http://www.mast.is/eftirlitsnidurstodur/eftirlitsverkefni

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur tekið þátt í eftirlitsverkefnum á vegum Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga á árinu 2010:

- **Eftirlit í dvalarheimilum**, þar sem að aðstaða almennt var skoðuð m.t.t. almennra öryggisþátta, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tók þátt í verkefninu að hluta. Eftirlitsverkefnin eru gerð um leið og reglubundið eftirlit á sér stað í fyrirtækjunum og því eru ekki gerðar sérstakar ferðir fyrir þessi verkefni. Heilbrigðisfulltrúar eru þá með gátlista með sér sem eru fylltir út á staðnum á

meðan að eftirliti stendur og forsvarsmaður fyrirtækisins/stofnunar kvittar fyrir þátttöku. Skýrslur eru unnar úr verkefnunum og þá eingöngu teknar saman heildarniðurstöður og frávik tiltekin ef einhver eru, nafnleyndar er gætt í öllum tilvikum.

Niðurstöður eftirlitsverkefnanna er hægt að nálgast á heimasíðu Umhverfisstofnunar www.ust.is

4 Sýnataka og niðurstöður

Árið 2010 voru 304 sýni tekinn sem er svipaður fjöldi sýna og undanfarin ár. Séu heildarniðurstöður bornar saman við undanfarin ár má sjá að fjöldi sýna sem eru ófullnægjandi er svipaður og árið áður. Hlutfallslega fleiri sýni eru fullnægjandi (þ.e. sýnin uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til þeirra í reglugerðum) má rekja það til þess hversu mörg neysluvatnssýni voru tekin í kringum eldgosið í Eyjafjallajökli.

Tafla 4 - Samanburður niðurstaðna milli ára

Tafla 5 - Niðurstöður sýna eftir flokkun

Flokkur	Ekki metið	Fullnægjandi	Ófullnægjandi	Samtals
Baðvatn	-	34	13	**47**
Neysluvatn	-	185	28	**213**
Frárennsli	16	-	-	**16**
Mjólkurvörur	1	9	17	**27**
Önnur matvara	1	-	-	**1**
Samtals	**18**	**228**	**58**	**304**

Tafla 5 sýnir hvernig niðurstöður koma út milli mismunandi flokka sýna. Eins og sjá má eru frárennslissýni ekki metin en niðurstöður þeirra gefa þó til kynna hugsanlega mengun út frá frárennslum. Í flokki mjólkurvara voru nær öll sýnin af ís úr vél. Baðvatnssýni eru sýni tekin úr baðvatni á almennings sund- og baðvatnsstöðum. Neysluvatnssýni eru sýni tekin út krana, oft í heimahúsum en einnig við borholur/uppsprettur.

Eftirfarandi kökurit sýna á myndrænan hátt tölfræðilegar niðurstöður út töflunni hér fyrir framan.

Tafla 6 - Heildarniðurstöður

Tafla 7 - neysluvatn

Tafla 8 - Baðvatn

Tafla 9 – Ís úr vél

5 Eldgosið í Eyjafjallajökli

Eldgosið sem hófst á Fimmvörðuhálsi 20. mars var góður undirbúningur undir það sem síðar kom með eldgosinu í Eyjafjallajökli þann 14. apríl. Segja má að fyrra eldgosið hafi gefið HES svigrúm til að velta fyrir sér hugsanlegum áhrifum og verkefnum samhliða eldgosi og undirbúa fyrir þau verkefni. Engin gat þó séð fyrir að hvað stærðargráðu þau gætu orðið. Fyrir heilbrigðiseftirlit með fimm stöðugildi varð fljótlega ljóst að allri rútínu var riðlað.
Við náttúruhamfarir, eins og eldgosið í Eyjafjallajökli, er öllum venjulegum verkum ýtt til hliðar og í forgang sett mál sem skipta öllu. Hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands varð það forgangsverkefni að svara spurningunum „Er neysluvatnið drykkjarhæft?“ og „Hvernig eru loftgæði?“

Vegna þessa óvenjulegu aðstæðna og til að mæta þörf, fékk embættið 4.7 milljón kr. styrk úr Ríkissjóði. Brugðist var við með því að ráða eftirlitsmann í sumarafleysingu í hefðbundin verkefni til að heilbrigðisfulltrúar hefðu meira svigrúm til að sinna aðkallandi verkefnum vegna náttúruhamfaranna. Heilbrigðiseftirlitið jók sýnatöku, vann á skrifstofum sveitarfélaganna,á fjöldahjálparstöðvum og annars staðar sem var þörf. Gátu íbúar komið með vatn sitt til mælingar á sýrstigi og leiðni auk þess sem góð samvinna var við Bændasamtökin, Hjálparsveitir, Almannavarnir og MS Selfossi sem flutti gjarnan með mjólkurbílum, sýni frá bændum til mælinga.

Loftgæðin

Þegar eldgosið hóst voru engir loftgæða mælar á svæðinu. Strax var brugðist var við með því að flytja á svæðið þá mæla sem hægt var. Umhverfisstofnun brást skjótt við og var mælir komin frá Akureyri að Klaustri. Sá mælir var svo fljótlega fluttur til Víkur. Leitað var til Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar um lán á mælistöðvum í þeirra eigu og var það auðsótt mál. þær mælistöðvar voru annars vegar settar upp á Hvolsvelli og hins vegar á Heimalandi undir Eyjafjöllum. „Dustað var rykið“ af eldri svifryksmæli sem sendir ekki gögn beint á netið, og hann settur upp á Raufarfelli. Skemmst er frá því að segja að hann þoldi ekki álagið og gekk aðeins í rúman

Mynd 4 - Loftgæðamælitæki

sólarhring. Umhverfisstofnun fékk heimild fyrir kaupum á nýjum mæli sem komin var upp á Raufarfell 2. júní, eftir gos.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands átti góða og nána samvinnu við Umhverfisstofnun um allt er varðaði vöktun og mælingar á loftgæðum en stofnunin bar hitann og þungan af málinu. Umhverfisstofnun eru hér með færðar þakkir fyrir góða samvinnu og snögg viðbrögð vegna þessa.

Fyrir almenning var einnig sett myndband inn á veraldarvefinn, sem gerði því kleift að meta magn ösku/svifryks í andrúmslofti út frá skyggni.

Ljóst var að mælingar á svifryki fóru í sögulegt hámark oftar en einu sinni. Aldrei áður hafa mælst eins há gildi og gerðust kringum gosið. Hins vegar voru háir mælitoppar ekki endilega bundnir við gosvirkni heldur gátu verið vegna veðurfarslegra aðstæðna. Þannig mældist td. svifryk í loft á Hvolsvelli yfir 2000 µg/m³ eftir goslok. Líklegt má telja að hækkuð gildi haldi áfram að mælast á svæðinu vegna veðurfarslegra aðstæðna.

Neðangreint línurit sýnir mælingar á svæðinu frá 16. apríl til 30. júlí[1]

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tók jafnframt þátt í samtarfi við erlenda aðila vegna mælinga á brennisteinsdíoxíði og áhrif þess á fólk. Sett voru mælisýni á nokkra staði á svæðinu sem starfsmenn

[1] Heimild: Umhverfisstofnun, birt með samþykki

heilbrigðiseftirlitsins sáu svo um að skipta um og ganga frá. Enginn þessara skynjara sýndi háan styrk af efninu, sem verður að teljast mjög gott í ljósi aðstæðna.

Neysluvatnið

Á svæðinu eru margar vatnsveitur og m.a. var vatnsból einnar stærstu vatnsveitu á Suðurlandi, vatnsveita Vestmannaeyja, sem er í hvað mestri nálægð við gosið sjálft.
Forsenda þess að geta metið mögulegar breytingar var þó að vita hvernig vatnið var fyrir gos. Það kom sér því mjög vel að unnið hafði verið gott starf hjá sveitarfélögum og einstaklingum í samvinnu við heilbrigðiseftirlitið, í að skrá eftirlitsskyld vatnsból og kanna gæði þeirra. Í Skaftárhreppi, Mýrdalshreppi og Rangárþingi eystra eru samtals 57 vatnsveitur (einka- eða samveitur) á skrá sem eftirlitsskyld vatnsból. Vandinn var hins vegar sá að hvorki var vitað um fjölda annarra vatnsbóla né gæði þess neysluvatns sem ekki var starfsleyfisskylt skv. reglum þar um. Þetta átti m.a. við um einkavatnsból þar sem hvorki var ferðaþjónusta eða mjólkurframleiðsla. Með góðri samvinnu íbúa svæðisins og yfirvalda náðist þó að taka sýni af öllu drykkjarvatni fólks. Þegar yfirlauk höfðu verið gerðar um það bil 160 mælingar á leiðni og sýrustigi og 109 flúoríðmælingar.

„Ný“ vísbending

Vatnsveita Vestmannaeyja er stærsta vatnsveitan á svæðinu en vatnsból Seljavalla er næst upptökunum. Vatnsveitan er með virkt innra og ytra eftirlit og því einfalt að merkja breytingar á því. 29. febrúar fékk HES ábendingu frá notenda vatnsveitu Vestmannaeyja að vatnið hefði súrnað til muna. HES kannaði málið strax og gat þannig staðfest að vatnið úr Eyjafjallajökli hefði farið úr því að vera mjög basískt (ph 9) í það að vera mjög súrt (ph 5,5). Haft var samband við Almannavarnir og samdægurs var boðað til fundar í Vísindamannaráði Almannavarna þar sem fulltrúi HES, vatnsveitu Vm., Sýslumaðurinn á Hvolsvelli og fleiri aðilar mættu. Tæpum tveimur mánuðum síðar hófst eldgos og vert er að velta því fyrir sér hvort breytingar á sýrustigi neysluvatns geti verið vísbending um yfirvofandi eldgos/jarðhræringar.[2]

Góður frágangur – gott vatn

Vöktun á neysluvatninu kenndi okkur margt um svæðin og mismunandi eiginleika vatnsins. Til dæmis var líklegt að áhrif jarðhita hefðu alltaf haft einhver áhrif á neysluvatn í einstaka vatnsbólum, heitt vatn „lak“ inn í eina veituna og svo mætti lengi telja.
Ljósi punkturinn í öllu þessu var að vatnið hélt gæðum sýnum. Því ber helst að þakka samveitum, góðum

Tafla 10 - Flúor í neysluvatni

[2] Sambærilegar niðurstöður og mælingar af vatnsbóli í Skaftártungu, næst eldstöðinni í Grímsvötnum, vorið 2011

frágangi vatnsbóla og samstilltu átaki í þessum málaflokki, undanfarinna ára. Niðurstöður gerlamælinga á neysluvatni svæðisins voru ennfremur góðar.

Eins og sjá má á meðfylgjandi kökuriti mældist flúor í 17% sýnanna. Engin þeirra fór þó yfir viðmiðunarmörk samkvæmt neysluvatnsreglugerð. Rétt er einnig að taka fram að fimm af þessum sýnum voru af heitu vatni þar sem eðlilegt er að finna flúor og önnur höfðu mælst með flúor fyrir gos.

Einfaldasta mælingin, og besta vísbendingin um breytingar á efnainnihaldi vatnsins, var leiðnimælingin. Góður frágangur og lokuð vatnsból hafði hér allt að segja um þær litlu breytingar sem neysluvatnið tók.

Tafla 11 - Leiðni í neysluvatni

Eftir á að hyggja þá var það lán þessa svæðis að almennt var vel staðið að frágangi vatnsbóla. Þegar glímt er við náttúruöflin eru það ekki endilega sjálfsögð lífsgæði að búa við heilnæmt neysluvatn. Hreint vatn er hins vegar ætíð forsenda búsetu og góðra lífsskilyrða. Sú undirstaða er sem betur fer traust þrátt fyrir eldgosið og áhrif þess.

6 Hollustuhættir

Mynd 5 - Sandkassi

Í lok árs 2010 voru 524 eftirlitsskyld fyrirtæki skráð á sviði hollustuhátta. Eftirlit á sviði hollustuhátta er m.a. gististaðir, samkomuhús, kirkjur, menntastofnanir, skipaskoðanir, dvalarheimili, heilbrigðisstofnanir, útileiksvæði, gæludýrabúðir, íþróttahús, samkomuhús, snyrtistofur og skyldur rekstur. Fjölgun hefur verið á fjölda fyrirtækja á sviði hollustuhátta jafnt og þétt undanfarin ár á sviði og hefur þeim fjölgað um 96 frá árinu 2006. Þessa miklu aukningu má útskýra með aukinni ferðaþjónustu og útileiksvæðum sem kominn eru með starfsleyfi. Þrátt fyrir þessa miklu aukningu hafa ekki öll sveitarfélög sótt um starfsleyfi fyrir útileiksvæðum sínum og vafalaust einhver starfleyfisskyldur rekstur í gangi án starfsleyfis en slíkt er óheimilt samkvæmt lögum og reglum.

Hollustuháttaeftirlit gekk ágætlega árið 2010. Mesti álagstíminn er á sumrin og spilar þar sumarstarfsmaður þungt inn í, þar sem atvinnulíf ferðaþjónustunnar er hvað öflugust og allar sundlaugar opnar. Þessi fyrirtæki eru sett í forgang í eftirliti á sumrin enda mörg þessara fyrirtækja eingöngu starfrækt yfir sumartímann. Útihátíðir taka alltaf einhvern tíma frá venjubundnu eftirliti en árið 2010 voru þrjár útihátíðir haldnar á Suðurlandi.

Raki og mygla

Mynd 6 - Dæmi um rakaskemmdir í vegg

Minna var um húsnæðisúttektir en árinu áður, orsökina er hugsanlega að finna í kostnaðarþættinum, sem greiddur er af þeim sem biður um úttektina. Fyrirspurnir voru þó mun fleiri en úttektirnar og margar hægt að afgreiða með því að leiðbeina fólki í gegnum síma. Vegna mikillar umræðu í þjóðfélaginu um myglu og skaðsemi hennar á heilsu fólks virðist sem almenningur sé meira vakandi fyrir myglu, raka og fúa í húsnæði og oftast vill fólk fá heilbrigðisfulltrúa í sýnatöku á myglu til að vita hvort myglan þeirra sé hættuleg. En embættið býr ekki yfir þeim tækjabúnaði til að taka, né greina slík sýni, og er fólki vísað annað í þeim málum. Almennt má þó segja að heilbrigðu fólki stafi ekki hætta af myglu þó til séu hættuleg myglugró.

Einfaldasta ráðið til að vita hvort lélegt heilsufar sé út af ástandi húsnæðis er að flytja út í nokkra daga og hafa helst ekkert með sér. Ef fólk lagast og einkenni hverfa/minnka og taka sig síðan upp aftur eftir að fólkið kemur í húsnæðið að nýju, má draga þá ályktun að eitthvað í húsnæðinu valdi þeim óþægindum. Ekki má þó gleyma sálfræðilega þættinum þegar svona óvísindaleg könnun er gerð og virkar þessi aðferð best á börn og aðra sem eru ekki meðvitaðir um ástandið/tilraunina.

Skipaskoðanir

Sú nýbreytni varð síðla árs 2009 með breytingu á hollustuháttareglugerð að heilbrigðisnefndir fóru að gefa út sóttvarnarvottorð fyrir skip. Heilbrigðisfulltrúar skoða nú skipin og hér á Suðurlandi eru tvær hafnir þar sem skoðun skipa fer fram. Það er í Vestmannaeyjahöfn og Þorlákshöfn.

Þegar heilbrigðisfulltrúi skoðar skip er í mörg horn að líta því í dag er ekki einungis litið eftir því hvort meindýr leynist um borð í skipinu heldur er allt skoðað. Káetur, vélarúm, lestar, eldhús, og ef við á eru salir, sundlaugar, líkamsræktasalir eru skoðaðir m.t.t. meindýra og hollustuhátta og spurst fyrir um heilsufar farþega og áhafnar. Í eldhúsi er innra eftirlit einnig skoðað (þrifaáætlun, hitastigsskráningar, o.þ.h.). Athugað er með sorpförgun og hvort sorpi er skilað að landi. Spurst fyrir um drykkjarvatn og hvar kjölfestuvatnið hvar það sé losað og tekið inn. Að skoðun lokinn gefur heilbrigðisfulltrúi skipinu sóttvarnarvottorð hafi ekki verið neinar alvarlegar athugasemdir.

Mynd 7 - Skipaskoðun

Samanburður niðurstaðna baðvatnssýna undanfarin ár

Árið 2010 voru 23 virkir sund- og baðstaðir (sem eru í notkun) á skrá hjá embættinu, þó svo að fjöldi þeirra sé ekki mikill m.v. heildarfjölda fyrirtækja á hollustuháttasviði (524) er um tímafrekt og tæknilegt eftirlit að ræða sem framkvæmt er á skömmum tíma þ.e. sumartímanum. Ár hvert eru sýnatökur framkvæmdar á þessum stöðum. Í töflu nr. 13 má sjá niðurstöður á sund- og baðstöðum á Suðurlandi frá árinu 2006 til 2010 bornar saman, þar má sjá að hlutfall sýna sem hafa fallið er um 20% að jafnaði, árið 2008 skar sig þó úr en þar féllu um 30% sýna. Ástæðu þess má aðallega rekja til tvennra þátta, mörg stórmót voru haldin á Suðurlandi það árið og mikið álag varð á mörgum sund- og baðstöðum í tengslum við slíka stórviðburði. Önnur ástæða var að nokkrir sundstaðir tóku í gagnið ný hreinsikerfi og opnuðu laugarnar áður en jafnvægi var komið á klór- og sýrustig baðvatnsins, jafnframt skorti reynslu og þekkingu á tækjunum. Aldrei hafa jafnmörg sýni verið greind með p.aeruginosa eins og

sumarið 2008, en bakterían getur valdið þvagfærasýkingum, óþægindum í húð og augum, eyrnabólgu o.fl.

Tafla 12 – Niðurstöður baðvatnssýna undanfarinna ára í prósentum (%).

Tafla 13 – Niðurstöður baðvatnssýna í rauntölu undanfarin ár.

Í töflu nr. 13 má sjá þann fjölda sýna sem að liggja að baki sýnatöku hvers ár frá árinu 2006 til 2010 og þann fjölda sýna sem hafa fallist og staðist þær gæðakröfur sem gerðar eru til baðvatns. Fjöldi sýna er mismunandi milli ára sem skýrist einkum af endurtekningum sem gerðar eru ef að sýni falla. Sýnatökur eru endurteknar ef að gerlafjöldi fer yfir viðmiðunargildi samkvæmt reglugerð. Falli sýni vegna of hás gerlafjölda við 37°C, kólígerla eða p. aeruginoasa þá er viðkomandi strax látinn vita. Ef p.aeruginosa finnst er viðkomandi laug lokað, set-, iðu- og vaðlaugar eru tæmdar og þrifnar og klóraðar vel á eftir, sundlaugar eru yfirklóraðar. Oft má rekja hækkun á gerlafjölda að klór hefur verið of lár m.v. viðmiðunargildi. Ef klórgildi er óeðlilega lágt eða hátt á starfsfólk að bregðast við af kunnáttu og fylgja því eftir með aukinni mælingu á klórgildum baðvatnsins og skrá þær niður.

7 Matvæli

Matvælafyrirtæki á Suðurlandi eru 389 sem er heldur fleira en í lok árs 2009. Undir þessa skilgreiningu tilheyra fyrirtæki eins og vatnsveitur, kjötvinnslur í smásölu, bakarí, pökkun garðávaxta, matvöruverslanir, söluturnar, og svokölluð stóreldhús sem eru t.d. á veitingastöðum, mötuneytum, hótelum og í skólum. Tíðni eftirlits fer eftir eðli og umfangi starfseminnar, sem felst í skoðun á innra eftirliti fyrirtækisins ásamt almennu eftirliti með aðstöðu og búnaði ásamt sýnatökum, auk fræðslu.

Mynd 8 - Innra eftirlit

Innra eftirlit og matvælaöryggi

Í byrjun árs 2010 var innleidd matvælalöggjöf EB, með tilheyrandi reglugerðum varðandi matvæli og er helst að nefna reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustu er varða matvæli. Megin áherslubreytingin samkvæmt nýju löggjöfinni er að enn frekari áhersla er lögð á ábyrgð matvælafyrirtækis fyrir starfseminni:

Auknar kröfur eru gerðar til opinberra eftirlitsaðila um mat á aðstæðum þar sem gerð er hættugreining í hverju fyrirtæki fyrir sig og tekur tíðni og umfang eftirlits mið af starfseminni.

Engar staðfestar matarsýkingar hafa komið upp á Suðurlandi síðastliðið ár.

Umsagnir til sýslumanna vegna veitingaleyfa koma bæði inn á matvæla- og hollustuháttaeftirlit og eru verkefni heilbrigðiseftirlits sem kallar á náið samstarf við þau fjögur sýslumannsembætti sem eru á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Sýslumenn gefa út veitinga- og gistileyfi m.a. á grundvelli starfleyfisútgáfu og umsagna heilbrigðiseftirlits.

Matvælalöggjöfin

Nýja matvælalöggjöfin sem var innleidd í upphafi ársins 2010 hafði það í för með sér að matvælaeftirlit í kjötvinnslum og mjólkurvinnslum færðist formlega frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands til Matvælastofnunar. Umhverfis- og mengunarvarnaeftirlit er áfram í höndum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga í þessum sömu fyrirtækjum.

Samkvæmt breytingu á matvælalögum nr. 93/1995 msbr. er heimilt að framselja eftirlitsverkefni milli opinberra eftirlitsaðila, enda hefðu lögin óbreytt haft í för með sér talsverðan verkefnaflutning frá sveitarfélögum til ríkis og einnig mikinn kostnaðarauka fyrir lítil fyrirtæki.

Mynd 9 - Landnámshænur

Skv. túlkun Matvælastofnunar (MAST) á matvælalöggjöfinni fluttist forræði 10 matvælafyrirtækja frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands til MAST, en með framsalssamningi urðu sjö þeirra áfram með starfsleyfi og undir eftirliti frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

Matvælaeftirlit með mjólkurvinnslustöð MS á Selfossi fluttist formlega til MAST og einnig með stærri kjötvinnslum á svæðinu, þ.e. Kjötvinnslu SS á Hvolsvelli og Kjötvinnslunni Krás á Selfossi.

Starfsleyfum Heilbrigðisnefndar fyrir þau fyrirtæki var því breytt og eru nú aðeins vegna umhverfis- og mengunarvarna. Með tilkomu nýrra fyrirtækja á svæðinu er framsalssamningur í stöðugri endurskoðun.

Merkingar matvæla

Rekjanleiki matvæla er einn af hornsteinum nýju matvælalöggjafarinnar. Að tyggja rekjanleika eitt skref fram og eitt aftur þýðir í raun að allt hráefni sem fer í vöruna þarf að vera skráð og á sama hátt þarf að skrá hvert varan fer. Framleiðendum er skylt að merkja matvæli með heiti vöru og ábyrgðaraðila, ásamt fleiri upplýsingum eftir eðli vörunnar m.a. til að tryggja rekjanleika.

Mynd 10 - Dæmi um ómerkt matvæli

Aðrar upplýsingar s.s. geymsluþol, geymsluskilyrði, - er varan kæli- eða frystivara, innihaldslýsingar þurfa að vera réttar og þarf sérstaklega að gæta að merkingum á þekktum óþols- og ofnæmisvaldandi

innihaldsefnum s.s. mjólk, eggjum, hnetum, fiski og sykri svo eitthvað sé nefnt. Oft eru gerðar athugasemdir vegna fullyrðinga sem ekki fást staðist, en einnig er nokkuð um *að næringargildismerkingar eru ekki* samkvæmt evrópskum reglum sem gilda á Íslandi.

Innkallanir hafa verið í nokkuð ríkum mæli vegna vanmerktra ofnæmis- og óþolsvalda í alls konar matvælum, sem jafnvel hafa verið lengi á markaði. Þess má geta að á haustdögum 2010 tók gildi reglugerð nr. 406/2010, um fullyrðingar sem fjallar bæði um heilsufarsfullyrðingar og einnig næringarfullyrðingar. Reglur er varða merkingar matvæla má finna í heild sinni á vefslóð: http://www.mast.is/flytileidir/matvaeli/merkingar

Landsreglur vegna hefðbundinnar framleiðslu og lítilla staðbundinna framleiðslufyrirtækja

Undanfarin ár hefur vakning orðið meðal bænda til nýsköpunar og hafa sprottið upp lítil framleiðslufyrirtæki, sem nýta eigið hráefni og framleiða sínar eigin afurðir í heimabyggð. Þessu ber að fagna. Þó er rétt að benda á að skýrt er að allir þeir sem framleiða og selja matvæli þurfa að hafa starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti og þurfa að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til matvælafyrirtækja. Einhver þessara fyrirtækja þurfa nú eftir innleiðingu matvælalöggjafar Evrópusambandsins að taka ákvörðun um hvort þeir ætli einungis að vera á nærmarkaði, þannig að þeir selji sína vöru einungis heima í héraði, eða hvort þeir ætli að fara með vörur sínar á almennan markað, er þá allur Evrópumarkaðurinn opinn þeim sem slík leyfi hafa. Rík áhersla er lögð á að netsala hvers konar á matvælum er starfsleyfisskyld.

Heimabakstur er ekki heimilt að selja í verslunum, nema viðkomandi hafi sérstaka aðstöðu til „heimabaksturs“, sem *„skal vera aðskilin frá íbúð eða annarri óskyldri starfsemi“* eins og segir í reglugerð nr. 506/2010.

Neysluvatn

Vatnsveitur eru starfsleyfisskyldar ef þær þjóna 50 íbúum eða 20 íbúðarhúsum. Einnig ef um er að ræða matvælaframleiðslu á veitunni, s.s. mjólkurframleiðsla og framleiðsla garðávaxta. Af þessum sökum er mikill fjöldi einkavatnsbóla á svæðinu starfsleyfisskyld.

Tafla 14 - Fjöldi vatnsveitna

Fjöldi vatnsveitna á Suðurlandi eftir stærð:	
Vatnsveitur stærri en 5000 íbúa	2
Vatnsveitur 1000-5000 íbúa	5
Vatnsveitur 500-1000 íbúa	4
Vatnsveitur 150-500 íbúa	6
Vatnsveitur minni en 150 íbúa	43
Einkavatnsból	72

Á undanförnum árum hafa miklar framfarir verið í þessum málaflokki. Því má kannski þakka því að einhverju leyti, að ekki hafa orðið teljandi vandræði vegna neysluvatns í eldgosum undanfarið með tilheyrandi öskufalli, þar sem vatnsból eru almennt vel frá gengin þannig að yfirborðsmengun komist ekki að. Sem betur fer hefur skilningur aukist á þessum mikilvæga hluta lífsgæða sem felst í að hafa aðgang að nægilegu magni af hreinu og ómenguðu vatni.

Sveitarfélög hafa mörg hver séð sér hag í að koma á fót stærri vatnsveitum í dreifbýli, íbúum sínum til hagsbóta, því vatn er forsenda búsetu og neysluhæft vatn er sjálfsögð krafa, bæði fyrir íbúa með fasta búsetu sem og sumarhúsabyggð.

ESA úttektir

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur eftirlit með opinberu eftirliti á EES svæðinu. Þannig er haft eftirlit með því að á Íslandi séu sömu kröfur gerðar og annarsstaðar á evrópska efnahagssvæðinu í sambærilegum fyrirtækjum. Undandfarin ár hefur Heilbrigðiseftirlit Suðurlands nokkrum sinnum verið tekið út af eftirlitsstofnun ESA, nú síðast vegna eftirlits með fiskvinnslum.

Við þessa úttekt ESA var gerð athugasemd við að ekki hafði verið gerð heildarúttekt á neysluvatni í einkaveitu sem þjónar litlu matvælafyrirtæki úti á landi. Fram til þessa hefur þetta atriði *reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn* verið túlkað þannig að litlar vatnsveitur hafi verið undanþegnar slíkum úttektum, enda um verulega kostnaðaraukningu að ræða fyrir marga litla aðila, eins og sést á ofangreindum lista yfir vatnsveitur. Til upplýsinga er þar um að ræða kostnað upp á um 200 þús. kr. fyrir eitt slíkt sýni.

8 Umhverfis- og mengunarvarnir

Undir umhverfis- og mengunarvarnamálaflokkinn fellur eftirlit og starfsleyfagerð vegna starfsemi fyrirtækja t.d. verkstæði, bensín- og olíuafgreiðslustöðvar, gámastöðvar, margvíslegir framleiðslustaðir, fiskvinnslur, sláturhús, hreinsistöðvar fráveitumannvirkja, vatnsafls- og varmavirkjanir o.fl. auk hins almenna umhverfiseftirlits og umsagna um margvíslega þætti m.a. skipulagsmál og umhverfismat vegna framkvæmda.

Helstu laga- og reglugerðaþættir, sem þessu starfi fylgja eru lögin um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr.7/1998, reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, nr. 785/1999, reglugerð um mengunarvarnaeftirlit nr. 786/1999, lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, svo eitthvað sé nefnt.

Eftirlitsskyldir aðilar á umhverfis- og mengunarvarnasviði voru 278 árið 2005, 305 árið 2008, 295 í fyrra en fjöldinn í dag er 278. Mikil aukning var á undanförnum árum varðandi umsagnarþætti bæði hvað varðar deili- og aðalskipulag, sérstaklega sá gífurlegi fjöldi skipulagssvæða fyrir frístundasvæði, en hefur nú minnkað verulega. Umsagnir um mat á umhverfisáhrifum eru í takt við stærri framkvæmdir, sem unnið er að hverju sinni á Suðurlandi.

Úrgangsmál – þörf á framförum

Mynd 11 - Neysluvatnsbrunnur

Þó að á undanförnum árum hafi verið gert mikið átak í þróun sorphirðu- og úrgangsmálum á Suðurlandi, er þörf á enn meiri átaki í þessum málaflokki, nokkuð ítarlega er fjallað um stöðu og framtíðarhorfur í málaflokknum í skýrslu samstarfshóps sorpsamlaga á Suðurlandi, Reykjanesi, Vesturlandi og höfuðborgarsvæðisins um þróun mála og skipulag til ársins 2020, „Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009-2020“.

(http://www.sorpstodsudurlands.is/Vefsidan/data/MediaArchive/files/SK-100-004-2-140-006_Til_kynningar.pdf)

Í samræmi við stefnu Evrópusambandsins í málaflokknum er hér gert ráð fyrir að eftir 2020 verði engin lífræn eða brennanleg efni urðuð á starfssvæði samlaganna. Í stað urðunar komi meiri flokkun, endurvinnsla og endurnýting. Markmið er t.d. fullnýting úrgangs af lífrænum toga. Sum sveitarfélög í

nágrannalöndum (Vejle Kommunes Affaldsplan 2012) hafa þegar náð góðum árangri við minnkun úrgangsefna t.d. með 65% endurvinnslu, 29% orkuvinnslu og einungis 6% í endanlega förgun. Samkvæmt nýjustu tölum af Suðurlandi fara í dag 45% úrgangs héðan til endurvinnslu hjá Sorpu b.s. í Reykjavík og hjá öðrum endurvinnslufyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu. Eftir lokun starfsstöðva Sorpstöðvar Suðurlands í Kirkjuferjuhjáleigu og á Selfossi fer megnið af öðrum úrgangi úr Árnessýslu til urðunar í Álfsnesi í Reykjavík. Lítilsháttar urðun er enn til staðar hjá Sorpstöð Rangárvallasýslu b.s. að Strönd, hjá Hulu b.s. á Skógasandi og á Stjórnarsandi í Skaftárhreppi. Í Vestmanneyjum og á Kirkjubæjarklaustri er reknar brennslustöðvar. Brennsla úrgangs hefur í för með sér hættu á mengun og því er gerð krafa um búnað til hreinsunar á útblæstri og frárennsli. Báðar fyrrnefndar stöðvar hafa verið vandreknar og búa m.a. við dagsektir og takmörkun á starfsemi vegna lélegra mengunarvarna. Hafa t.d. þungmálmar eins og dioxín verið þar yfir leyfðum mengunarmörkum. Brennslur, sem starfræktar eru hér eru mun minni en víða erlendis og oft óhagkvæmar rekstrareiningar, lágt orkuverð hér á landi spilar þar einnig inn í við sölu á orku úr úrgangi. 2013 þurfa allar sorporkustöðvar að uppfylla reglur um sorpbrennslu í Evrópusambandinu. Brennslustöðvar og urðunarstaðir eru undir eftirliti og með starfsleyfi Umhverfisstofnunar.

Flestar tillögur um úrbætur í sorphirðu og vinnslu úrgangsefna fela í sér blandaðar hefðbundnar lausnir, draga úr myndun úrgangs, auka flokkun, endurnýta og endurnota og vinna lífrænan úrgang með umhverfisvænum og hagkvæmum jarðgerðar- og gasvinnslustöðvum. Slíkar umbætur kalla á samræmt verklag, samvinnu og mikla kynningu til notenda. Árangur verður betra og mengunarminna umhverfi auk, oftast í kaupbæti, hagkvæmni í rekstri og kátir kúnnar. Flest sveitarfélög á Suðurlandi hafa stigið fyrstu skrefin í þessari þróun; 95% íbúa gefst kostur á meiri flokkun úrgangs, t.d. með tveggja og þriggja tunnu flokkunar kerfum auk gámasvæða með ágætri flokkunaraðstöðu.

Fráveitumál

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands vinnur starfsleyfi vegna hreinsivirkja fráveitna og hefur eftirlit með fráveitumálum. Í starfsleyfum eru ákvæði m.a. um losunarmörk í viðtaka, þynningarsvæði, o.fl. Sveitarfélög á Suðurlandi hafa unnið markvisst að úrbótum í fráveitumálum, á undanförnum árum. Nær allir þéttbýlisstaðir hafa komið upp hreinsivirkjum á fráveitum, má nefna þar nýrri veitur seinni ára á Flúðum og við Borg í Grímsnesi. Þetta eru framkvæmdir, sem stuðla að betri umhverfi og lífsgæðum, bæði með tilliti til mengunarvarna og hollustuhátta auk útivistar og atvinnu. Fyrirbyggjandi mengunarvarnir eru lykilatriði og brýnt að vinnslufyrirtæki vinni með sveitarfélögum að lausnum.

Í fráveitusamþykktum sveitarfélaga á Suðurlandi eru ákvæði um losun seyru bæði frá íbúðarhúsum og frístundabyggð, í framhaldi af þeirri þjónustu sveitarfélaganna þarf að huga að förgun seyru á viðunandi hátt eða jafnvel nýtingu á seyru t.d. til uppgræðslu og jarðvegsbóta. Enginn viðunandi staður hefur verið til þessara nota, einhver förgun á seyru á sér stað hjá Sorpsamalagi Rangárvallasýslu bs. við Strönd og einnig hjá Hulu bs. við Vík. Förgun seyru var áður aðallega á svæði Sorpstöðvar Suðurlands

við Kirkjuferjuhjáleigu í Ölfusi, en um 1200 tonn af seyru bárust þangað árlega. Megnið af seyrunni er nú fargað hjá Sorpu í Álfsnesi í Reykjavík. Unnið hefur verið að finna þessu vandamáli farveg, unnið að staðarvali og að koma upp búnaði til vinnslu á seyru. Mögulega liggur lausn fyrir 2012, þó háð skipulagsmálum.

Enn er ólokið verkefni sem Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og sveitarfélög á Suðurlandi þurfa að vinna að, en það er flokkun vatna skv. reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Samkvæmt henni skal allt yfirborðsvatn (fallvötn, stöðuvötn) og grunnvatn flokkað í ákveðna gæðaflokka og langtímamarkmið skilgreind. Koma skal fram á skipulagsuppdrætti aðals- og svæðisskipulags þessi langtímamarkmið og við deiliskipulag skal gera skýringaruppdrátt, sem sýnir ástand vatns.

9 Fjármál og rekstur

Tafla 15 – Kökurit með tekjuliðum.

Tekjur Heilbrigðiseftirlit Suðurlands koma annars vegar frá fyrirtækjum og öðrum eftirlitsskyldum aðilum eða 68% og hins vegar frá sveitarfélögunum í formi framlaga eða 32%. sbr. töflu hér að neðan.

Neðangreind mynd sýnir hlutfall eftirlitsgjalda og framlaga sveitarfélaga á níu ára timabili.
Rauðu punktarnir sýna breytingu á gjaldskrá, þe. hækkun eftirltisgjalda en svörtu punktarnir sýna hækkun á framlögum sveitarfélaga til embættisns. Á þessu tímabili hefur gjaldskrá verið hækkuð sex sinnum en framlög sveitarfélaga tvisvar. Tekið skal fram að tölur fyrir árið 2011 byggja á samþykktri fjárhagsáætlun.

Tafla 16 - Velta milli ára

Í neðangreindri töflu má sjá þróun gjaldskrármála og hækkun tímagjalds og sýnatökukostaðar á fyrirtæki.

Tafla 17 – Þróun á tímagjöldum og sýnatökukostnaði.

	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011-áætl
Tímagjald	5500	5500	6200	6200	6200	6500	6500	7000	7000	8000	8400	8650
Sýnatökukostnaður	3900	3900	6000	6000	6000	8000	8000	8800	8800	10200	10700	12000

Stærstu kostnaðarliðir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands eru launakostnaður upp á tæplega 70%, húsnæðiskostnaður 11%, rekstur bifreiða, rannsóknakostnaður og annar kostnaður 5-6%.

Á kökuritinu hér að neðan má sjá frekari skiptinu kostnaðarliða.

Tafla 18 – Kökurit með kostnaðarliðum.

Frekari upplýsingar um fjármál og rekstur er að finna í ársreikningi Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

10 Lokaorð

Ársskýrslu Heilbrigðiseftirlit Suðurlands er ætlað að veita innsýn í verkefni og störf þess. Hún er aðgengileg öllum á heimasíðunni www.heilbrigdiseftirlitid.is en þar er einnig að finna margþættan og frekari fróðleik um embættið auk almenns fræðsluefnis er varðar málaflokkinn.

Sú nýbreytni er í þessari ársskýrslu að gerð er grein fyrir helstu rekstrartölum í sér kafla. Áður fylgdu þessar upplýsingar aðalfundargögnum og ársreikningi.

Árið 2010 verður lengi í minnum haft hjá starfsmönnum Heilbrigðiseftirlitsins. Stendur þar eldgosið í Eyjafjallajökli upp úr. Verkefnið sem virtist af ómældri stærðargráðu var leyst með óeigingjörnu vinnuframlagi og samheldni. Reynslan frá jarðskjálftunum árið 2008 kom okkur þar til góða. En nú finnst okkur nóg komið af náttúrhamförum í bili og hlökkum til að geta tekist á við „gömlu góðu rútínuverkefnin“ án frekari truflunar frá náttúruöflunum.